

Fundur ungmennaráðs

16. ágúst 2019, kl. 17:00 á Hlunnindasýningunni.

Mætt: Tindur, Solveig, Aníta, Viktor og Ketill (í forföllum Adrians).

1. Sumarstörf ungmenna

Ungmennaráð er með tillögu að hækka laun á næsta ári um 2,5%. Einnig leggur ungmennaráð til að 17 ára geti starfað við vinnuskólann með launin 1.345.- á klukkustund.

Ungmennaráð leggur til að rauðir dagar séu greiddir. En ef rauðir dagar eru ekki greiddir fái ungmennin val um að vinna þá tíma, hvernig sem það er útfært.

Ungmennaráð óskar eftir því að skoðað verði hvort hægt sé að lengja vinnuskólann og hafa fleiri vikur í boði.

2. Félagsmiðstöðvaropnanir í vetur

Lagt til að félagsmiðstöðin verði opin frá 18-20 mánudaga og miðvikudaga og að auki verði prófað að hafa eina auka opnun beint eftir skóla.

3. Aðalskipulagsbreyting Vestfjarðavegur 60

Ungmennaráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu.

Með von um að málið gangi hratt fyrir sig.

Klest'ann, flýtið ykkur og gangi ykkur vel.

4. Ungmennaping

Næsta ungmennaping verður haldið í desember, dagsetning ákveðin síðar. Þema þingsins verður skólamál.

Starfsfólki skóla, Mennta og menningarmálanefnd ásamt Tröppu verður boðið á þingið.

5. Ítrekun

Ungmennaráð minnir á spurningalistann sem við sendum eftir síðasta þing.

Mennta og menningarmálanefnd ætlaði að bjóða okkur á fund og minnum við á það.

6. Krossarabraut

Ungmennaráð þakkar Tryggva fyrir að leggja hjarta sitt inn í þessa krossarabraut hún fær 10 af 10 og vernd fjórhjólanotenda er öruggari núna og löggan getur ekkert gert þannig við komum í veg fyrir dómsmál þannig enn og aftur þúsund þakkir fyrir þessa fullkomnu braut. Kv. Viktor og fleiri.

7. Húsnæðismál

Ungmennaráð skorar á Reykhólahrepp að finna leiðir til að ýta undir að fólk byggji húsnæði á svæðinu. Til dæmis með áframhaldandi niðurfellingu gatnagerðargjalda eða styrkjum.

8. Ungmennaráð

Ungmennaráð leggur fram meðfylgjandi fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Við óskum eftir að halda 6 fundi á ári.

Fundir 330.000.-

Veitingar 100.000.-

Fundi slitið kl. 18:15